



Reykjavíkurborg

Þjónustumiðstöð Breiðholts

Alþingi
Erindi nr. P 141/567
komudagur 16.11.2012

***Meðfylgjandi samantekt tengist fundi velferðarnefndar Alþingis 12. nóvember 2012.
Kolbrún Björnsdóttir kom fyrir fundinn fyrir hönd Sálfræðingafélags Íslands.***

Staða barna með tal- og málþroskaröskun hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.

Þjónustumiðstöð Breiðholts sinnir meðal annars sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskólana í hverfinu. Sérfræðiþjónusta skóla er annars stígs þjónusta fyrir börn, skóla og foreldra. Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla hefur það hlutverk að sinna frumgreiningu og fylgja henni eftir með ráðgjöf, fræðslu, handleiðslu og eftirfylgd út í skólana. Talmeinafræðingur væri þar góður kostur.

Enginn talmeinafræðingur starfar sem fastur starfsmaður á þjónustumiðstöðvum borgarinnar og einungis er gert ráð fyrir um 3,5 til 4,5 milljónum til greiningar á tal- og málþroskavanda leikskólabarna. Það fjármagn dugar fyrir um það bil 100 greiningum á ári. Verktaki sinnir þeim greiningum. Ef 8-13% barna eiga við þennan vanda að stríða myndi það þýða að í hverjum árgangi væru um 120-200 börn sem þyrfti að meta frekar í Reykjavík OG veita í framhaldinu viðeigandi þjónustu og ráðgjöf. Talmeinafræðingur væri þar góður kostur.

Eins eru mörg börn í Breiðholti með íslensku sem annað tungumál og þar með er gríðarleg þörf fyrir ráðgjöf og handleiðslu út í skóla hverfisins. Talmeinafræðingur væri þar góður kostur.

Leikskólabörn sem eru það heppin að geta fengið greiningu og mælast undir 70 á málþroskaprófi fá sérstuðning frá skóla- og frístundasviði. Leikskóla er ætlað að veita þann stuðning. Barnið fer jafnframt á bið eftir talþjálfun út í bæ. Betra væri að veita þá þjónustu inni í leikskólanum og þá gegnum talmeinafræðing á vegum þjónustumiðstöðvar. Talmeinafræðingur væri þar góður kostur.

Grunnskólabörn hafa ekki aðgang að þessari þjónustu. Grunnskólarnir fá hinsvegar fjármagn til að sinna þjónustunni en það er óskilgreint hvernig og hversu mikið það er. Mikil þörf er á því að veita betri ráðgjöf til skólana, ráða talmeinafræðinga á þjónustumiðstöðvar borgarinnar til að geta fylgt betur eftir þeim börnum sem þó greinast með þennan vanda.

Jafnframt þarf að vekja athygli á því að einhver opinber stofnun haldi utan um þennan málaflökk, s.s. Heyrnar- og talmeinafræðingur Íslands. Sú stofnun fái til þess skilgreint fjármagn til að halda utan um málaflökkinn.

Reykjavík 16. nóvember 2012

Kolbrún Björnsdóttir, sálfræðingur